

Bjarni Reykjalín,
Skipulags- og byggingarfulltrúi Skútustaðahrepps og
Þingeyjarsveitar
Kjarna
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN


Reykjavík, 2. apríl 2014
Tilvísun: UST20140200211/ksj


Tillaga að breytingu á deiliskipulagi ferðaþjónustusvæðis á Rauðuskriðu í Aðaldal

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar er barst 25. febrúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á deiliskipulagi ferðaþjónustubygginga á jörðinni Rauðuskriðu í Aðaldal. Í breytingunni felst að gert er ráð fyrir að reisa eitt gistihús og stækka matsal. Einnig er áætlað er að reisa sex gistihús á næstu árum norðan og norðaustur af núverandi ferðaþjónustumannvirkjum á svæðinu og breyta útihúsum og nýta fyrir ferðaþjónustu. Ofangreindar framkvæmdir eru áætlaðar á gömlum túnum. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að gætt verði samræmis milli húsanna varðandi útlit.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda tillögu að breytingu á deiliskipulagi á jörðinni Rauðuskriðu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun